

Ed. 561. Frumvarp til laga [264. mál]

um breyting á lögum nr. 59 28. maí 1969, um tollheimtu og tolleftirlit, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—82.)

1. gr.

Á undan 4. mgr. 21. gr. laganna komi ný málsgrein er orðist svo:

Í reglugerð eða öðrum fyrirmælum má ákveða að farmflytjandi, miðlari eða annar umboðsmaður skrái innfluttar vörur áður en þær eru afhentar úr vörslu farmflytjanda.

2. gr.

50. gr. laganna orðist svo:

Aðflutningsgjöld falla í gjalddaga þegar far tekur höfn, þar sem vara verður afhent, og skal greiða í einu lagi aðflutningsgjöld af vörum sem skráðar eru í sama farmskrárnúmeri. Þó skal heimilt samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur að heimila innflytjanda greiðslu aðflutningsgjalda af vöru sem er hluti vörusendingar í farmskrárnúmeri, enda hafi verið gefið út undirfarmskirteini eða undirflugfarmbréf vegna flutnings vörunnar eða aðstæður verða að öðru leyti taldar þess valdandi að ástæða sé til þess að veita innflytjanda heimild til tollafgreiðslu á hluta vörusendingar.

Um eindaga aðflutningsgjalda fer samkvæmt ákvæðum 52. og 53. gr.

Um gjalddaga og fullnustu aðflutningsgjalda af vöru sem látin hefur verið í tollvörugeymslu fer þó samkvæmt ákvæðum laga nr. 47/1960, um tollvörugeymslur o. fl., nema innflytjandi hafi fengið heimild til greiðslufrests skv. 53. gr.

3. gr.

Við 51. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðist svo:

Hafi innflytjandi verið veittur greiðslufrestur á aðflutningsgjöldum skv. 53. gr. skal hann greiða aðflutningsgjöld, sem hann er skuldfærður fyrir í öðru tollumdæmi, hjá þeim tollstjóra þar sem hann hefur verið skráður skv. 53. gr.

4. gr.

1. mgr. 52. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð eða öðrum fyrirmælum að greiðsla aðflutningsgjalda af vöru skuli fara fram innan ákveðins tíma frá komudegi hennar til landsins eða hún sett innan sama tíma í tollvörugeymslu, sbr. lög nr. 47/1960 um tollvörugeymslur o. fl., og skal frestur þessi ekki vera lengri en sex mánuðir. Ráðherra er heimilt að undanþiggja einstaka vöruflokkka tollafgreiðslu innan þessara tímamarka. Í reglugerð getur ráðherra ákveðið að leggja skuli viðurlög við því ef skyldu samkvæmt ákvæðum reglugerðar settrar samkvæmt þessari málsgrein er ekki fullnægt, svo sem stöðvun tollafgreiðslu til hlutaðeigandi aðila.

5. gr.

53. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra getur með reglugerð eða öðrum fyrirmælum heimilað tollstjórum að veita greiðslufrest á aðflutningsgjöldum af innfluttum vörum. Heimild þessa má takmarka við innflytjendur sem flytja inn vörur í atvinnuskyni, þar á meðal umboðsmenn þeirra og miðlara, svo og innflytjendur sem stunda framleiðslu vara eða viðgerðarþjónustu í atvinnuskyni og flytja inn aðföng til starfsemi sinnar. Ráðherra getur í reglugerð ákveðið hvað telja skuli aðföng í þessu tilliti. Heimild til greiðslufrests má jafnframt binda því skilyrði að innflytjandi sanni með fullnægjandi hætti að aflað hafi verið þeirra leyfa sem lög kunna að áskilja varðandi heimild til atvinnurekstrar og innflutningur hans á næst liðnu ári hafi að magni eða verðmæti náð tilteknu lágmarki.

Heimild til greiðslufrests er bundin því skilyrði að sett sé fullnægjandi trygging fyrir greiðslu aðflutningsgjalda í formi bankaábyrgðar eða annarrar tryggingar sem ráðherra telur fullnægjandi. Falla má síðar frá þessu skilyrði hafi ekki komið til vanskila af hálfu innflytjanda sem haft hefur greiðslufrest á aðflutningsgjöldum í minnst 6 mánuði og hann uppfyllt að öðru leyti önnur þau skilyrði sem sett kunna að verða í reglugerð.

Greiðslufrestur af aðflutningsgjöldum skal vera að meðaltali tveir mánuðir frá þeim tíma er far tekur höfn, sbr. 50. gr., eða talið frá úttektardegi vöru hafi hún verið sett í tollvörugeymslu. Aðflutningsgjöld sem greiðslufrestur hefur verið veittur á vegna innflutnings vara í sama mánuði skulu greidd í síðasta lagi fimmtánda dag annars mánaðar eftir komudag flutningsfars til landsins eða úttektardag úr tollvörugeymslu. Ákveða má aðra eindaga í reglugerð. Séu aðflutningsgjöld ekki greidd á eindaga samkvæmt þessari málsgrein skulu dráttarvextir þegar reiknaðir á gjaldfallnar skuldir og innheimtir í ríkissjóð. Dráttarvextir skulu vera hinir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 um Seðlabanka Íslands með síðari breytingum og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma. Í reglugerð getur ráðherra ákveðið auk innheimtu dráttarvaxta að leggja viðurlög við því ef vanefndir verða á greiðslu aðflutningsgjalda, svo sem sviptingu greiðslufrests, tímabundið eða að fullu, eða stöðvun tollafgreiðslu til hlutadeigandi aðila. Hafi frestur verið veittur til greiðslu aðflutningsgjalda samkvæmt þessari grein má ákveða með reglugerð að greiða skuli af þeim sömu vexti og gilda hverju sinni um innlán á sparisjóðsbókum samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 með síðari breytingum.

Innflytjandi sem fær greiðslufrest á aðflutningsgjöldum samkvæmt ákvæðum þessarar greinar skal tollafgreiða allan innflutning sinn á þeim kjörum. Þó skal heimilt að undanþiggja einstakar vörutegundir þessu skilyrði, ef sérstakar ástæður þykja til. Innflutningur með greiðslufresti skal að öðru leyti gilda um tollafgreiðslu á innfluttum vörum sama innflytjanda í öllum tollumdæmum landsins.

Ráðherra setur með reglugerð eða öðrum fyrirmælum nánari reglur um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum samkvæmt þessari grein.

Innflytjendur skulu skráðir hjá töllyfirvaldi þar sem lögheimili þeirra er, eða þeir telja lögheimili sitt vera samkvæmt samþykktum, eða stjórn þeirra er, ef um lögaðila er að ræða. Í reglugerð skulu sett nánari fyrirmæli um tilkynningu til skráningar, skráningarskírteini og viðurlög ef tilkynningarskyldu er ekki sinnt.

6. gr.

1. mgr. 54. gr. laganna orðist svo:

Aðflutt vara skal vera að veði fyrir aðflutningsgjöldum, þ. m. t. sölugjald, dráttarvöxtum, sektum og kostnaði og hefur eigandi ekki rétt til að ráða yfir henni fyrr en afhendingarheimild viðkomandi tollstjóra liggur fyrir. Veðrétturinn helst þrátt fyrir afhendingu.

Séu skil ekki gerð í síðasta lagi á eindaga, sbr. 1. mgr. 52. gr., hefur tollstjóri, þ. e. sýslumenn, bæjarfógetar, lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli svo og tollstjórinn í Reykjavík, eða umboðsmaður hans, heimild til að halda uppboð og selja vöruna án undanfarins lögtaks eða fjárnáms til lúkningar aðflutningsgjöldum, þ. m. t. sölugjald, dráttarvöxtum, sektum og kostnaði. Telji tollstjóri að hærra verð megi fá fyrir vöru með öðrum hætti en sölu á uppboði skal honum heimilt að leita tilboða í vöruna og selja hæstbjóðanda ef viðunandi tilboð fæst.

Náist ekki til þeirrar vöru sem af átti að greiða má án undanfarandi birtingar gera lögtak fyrir aðflutningsgjöldum, þ. m. t. sölugjald, dráttarvöxtum, sektum og kostnaði í öðrum eignum viðtakanda og selja hið lögtekna á nauðungaruppboði.

Tollstjóri getur neitað þeim sem á ógreidd aðflutningsgjöld eða annan kostnað samkvæmt framangreindu um tollafgreiðslu á öðrum vörum þar til skil eru gerð.

Aðflutningsgjöldin greiðast af uppboðsandvirði eða söluandvirði, sbr. síðasta másl. 1. mgr., með forgangsrétti næst á eftir uppboðs- eða sölukostnaði vörunnar. Sé uppboðsandvirði eða söluandvirði vörunnar hærra en nemur aðflutningsgjöldum, þ. m. t. sölugjald, ásamt dráttarvöxtum, sektum og áföllnum kostnaði skal greiða þeim sem eignarréttur gekk úr hendi afganginn að frádregnum öðrum eignarhöftum sem á vörunni hvíldu auk alls áfallins kostnaðar. Vitji eigandi ekki þess sem afgangur er samkvæmt framangreindu innan árs frá uppboðsdegi eða söludegi fellur upphæðin til ríkissjóðs.

7. gr.

57. gr. laganna, sbr. lög nr. 31/1979, breytist þannig:

a. Úr 2. tölulið falli brott orðin „enda sé þá sett fullnægjandi trygging fyrir aðflutningsgjöldunum, þar til varan er sannanlega komin til útlanda eða útflutningur hennar nægilega tryggður samkvæmt nánari skilyrðum, sem sett verða þar að lútandi“.

b. Úr 3. tölulið falli brott orðin „Ákvæði þetta tekur eigi til endursendinga á einstökum hlutum úr gölluðum vélum“.

8. gr.

Í stað tölunnar „500“ í 68. gr. laganna komi: 10 000.

9. gr.

2. mgr. 71. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 71/1976, falli brott.

10. gr.

2. mgr. 76. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 31/1979, orðist svo:

Þó er töllyfirvöldum heimilt að ákveða sekt fyrir ólöglegan innflutning, ef brot er skýlaust sannað og ætla má að brot varði ekki hærrí sekt en 25 000 kr., enda játist sökunautur undir þá ákvörðun og greiði sektina þegar í stað. Við slíka sektarákvörðun skal greina í bókun, skýrt og stutt, brot það sem um er að tefla, refsíákvæði sem það varðar við og ítrekunarverkun á síðari brot, ef því er að skipta. Nú hefur skýlaust sannað brot einnig upptöku eignar í för með sér og getur töllyfirvald undir því skilorði er nú var sagt ákveðið eignaupptöku, enda fari verðmæti eigi fram úr 50 000 kr.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í iög nr. 59 28. maí 1969, um tollheimtu og tolleftirlit með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 11. gr. skulu heimildarákvæði 3. og 5. gr. um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum eigi koma til framkvæmda fyrr en 1. janúar 1983.

Ákvæði 4. gr. um eindaga aðflutningsgjalda skal koma til framkvæmda í áföngum þannig að tollafgreiðslufrestur styttest frá og með 1. janúar 1983 í tveimur áföngum úr tólf mánuðum í sex mánuði og skal marki þessu náð hinn 1. janúar 1984.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Almennar athugasemdir.

Hinn 3. apríl 1981 skipaði fjármálaráðherra nefnd til að gera tillögur um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum og semja frumvarp til laga um það efni. Í nefndina voru skipaðir Gunnlaugur Sigmundsson deildarstjóri í fjármálaráðuneytinu, sem jafnframt var formaður nefndarinnar, Árni Árnason framkvæmdastjóri, Björn Hermannsson tollstjóri í Reykjavík, Júlíus Sæberg Ólafsson forstjóri og Þorsteinn Ólafsson fulltrúi forstjóra Sambands íslenskra samvinnufélaga. Ritari nefndarinnar var skipaður Sigurgeir A. Jónsson fulltrúi í fjármálaráðuneytinu. Frumvarp það sem hér er lagt fyrir Alþingi um breyting á lögum nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum er í meginatriðum byggt á frumvarpi því sem nefndin hefur samið.

Áður en vikið verður að meginefni frumvarps þessa um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum þykir rétt að víkja nokkrum orðum að tildrögum þess að ákveðið var að leggja fram frumvarp um þetta efni þrátt fyrir að í nefndum lögum sé að finna heimildarákvæði um lán á aðflutningsgjöldum.

Með samþykkt laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit var tekið upp það nýmæli að heimila fjármálaráðherra að veita tiltekinn greiðslufrest á aðflutningsgjöldum gegn bankatryggingu eða annarri jafngildri tryggingu. Heimild þessi var bundin því skilyrði að vara yrði tollafgreidd og flutt úr vörugeymslu innan mánaðar frá komudegi flutningsfars til landsins. Jafnframt var gert ráð fyrir að innflytjandi gæfi við tollafgreiðslu út skuldaryfirlýsingu fyrir upphæð aðflutningsgjalda og greiddi þá upphæð síðan í peningum innan tiltekins frests. Tilgangurinn með þessu heimildarákvæði var að mæta hugsanlegum erfiðleikum sem skapast gætu hjá ýmsum innflytjendum við þá ákvörðun að herða á tollafgreiðslu vara með styttingu tollafgreiðslufrests, en brögð þóttu að því á þeim tíma að vörur væru látnar liggja óhæfilega lengi í vörugeymslum farmflytjenda. Hafi þetta valdið ýmsum erfiðleikum, eins og töfum við afgreiðslu á og eftirlit með innfluttum vörum, auk þess sem vörur urðu fyrir ýmsu hnjaski í vörugeymslum við sífelldar tilfærslur. Að baki þessu ákvæði bjó því ekki sú hugsun að veita almennan greiðslufrest á aðflutningsgjöldum eða yfirleitt að fjármagna innflutningsverslunina, heldur að greiða fyrir og flýta tollafgreiðslu á ýmsum vöruflokkum sem algengt væri að flytja inn í stórum förmum og erfiðleikum væri bundið að geyma í vörugeymslum farmflytjenda. Var enda tekið fram í lögum að takmarka mætti greiðslufrestinn við ákveðnar tegundir vöru. Þegar til átti að taka og beita heimildarákvæðinu kom hins vegar í ljós að af hálfu bankanna var talið ýmsum annmörkum háð að þeir tækju að sér að ábyrgjast kröfur ríkissjóðs á hendur innflytjendum samkvæmt skuldarviðurkenningum sem út yrðu gefnar við tollafgreiðslu hverju sinni eins og ráð hafði verið gert fyrir við setningu laganna. Meðal annars af þeim sökum komst heimildarákvæðið aldrei til framkvæmda með þeim hætti sem ætlast hafði verið til í öndverðu. Fjármálaráðuneytið hefur þó í einstaka tilvikum veitt greiðslufrest á aðflutningsgjöldum með hliðsjón af ákvæðinu eins og nánar er greint frá í athugasemdum við 5. gr.

Á árinu 1977 var málefni þessu hreyft að nýju af þáverandi fjármálaráðherra, Matthíasi Á. Mathiesen, er hann skipaði nefnd hinn 29. apríl það ár til þess að endurskoða gildandi lög

og reglur um tollheimtu og tolleftirlit. Meðal verkefna nefndarinnar var að skila tillögum um gjalddaga, greiðslufrest og fullnustu aðflutningsgjalda. Skilaði nefndin álit sínu og skýrslu í ágúst 1978. Var þar einkum fjallað um að taka upp greiðslufrest á aðflutningsgjöldum og lagt til að það yrði gert á grundvelli sérstakrar löggjafar. Mál þetta lá síðan í láginni til ársins 1979 er frumvarp um breyting á lögum nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit var lagt fram af nokkrum þingmönnum, þar sem lagt var til að gerðar yrðu breytingar á 53. gr. laganna og greiðslufrestur á aðflutningsgjöldum tekinn upp. Í greinargerð með frumvarpi þessu, sbr. þingskjal nr. 462 (102. löggjafarþing), er gerð grein fyrir meginefni nefndarálitsins frá 1978, sem óþarft er því að gera nánari grein fyrir hér.

Í umfjöllun um áhrif greiðslufrests á aðflutningsgjöldum á tekjur ríkissjóðs hefur verið reynt að meta hversu mikil hliðrun verði á innheimtu aðflutningsgjalda. Niðurstöður þeirra athugana benda til þess að tekjuhliðrun eigi sér mjög fljótt stað og komi jafnvel fram af fullum þunga á fyrstu sex mánuðunum. Um þetta efni að öðru leyti vísast til tillagna til fjármálaráðherra um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum frá því í september 1981, sem þegar hefur verið dreift til alþingismanna. Ljóst er að erfitt er fyrir ríkissjóð að taka á sig slíka tekjuhliðrun á sama fjárhagsári nema ráð sé fyrir því gert í fjárlögum. Í frumvarpi þessu er við það miðað að heimild til greiðslufrests á aðflutningsgjöldum komi til framkvæmda í áföngum á 12 mánuðum.

Verði lagafrumvarp það er hér liggur fyrir samþykkt á þessu þingi er talið að tæknilegar forsendur séu fyrir því að hefja framkvæmd laganna 1. janúar 1983. Er gert ráð fyrir því að þá verði innflytjendum, sem á árinu 1981 fluttu inn vörur fyrir 25 m. kr. eða meira, veitt heimild til innflutnings með greiðslufresti. Á árinu 1983 verði þessi mörk síðan lækkuð í áföngum þannig að síðasti hópurinn, innflytjendur með a. m. k. 1 m. kr. innflutning á verðlagi 1981, fái slíka heimild frá og með 1. janúar 1984. Rétt þykir að geta þess hér að gert er ráð fyrir að reglum um gildistíma tollafgreiðslugengis verði breytt, en sú ráðstöfun getur haft einhver áhrif á fjárhæð innheimtra aðflutningsgjalda þegar til lengri tíma er litið og haft einhver áhrif til aukningar ríkissjóðstekna. Verði þessi háttur hafður á má ætla að aðlögun verði auðveldari að því er varðar getu ríkissjóðs til að mæta seinkun á innheimtum tekjum, auk þess sem minni hættu er á örðugleikum í framkvæmd samfara nýrri tilhögun á tollheimtu og tollgæslu. Á það skal þó lögð áhersla að mikið starf er enn óunnið í sambandi við tæknilega lausn málsins hjá tollheimtumönnum ríkissjóðs þó að lagatæknileg atriði varðandi upptöku greiðslufrests á aðflutningsgjöldum yrðu leyst með samþykkt þessa frumvarps. Verður ekki séð að framkvæmdin verði tryggð nema til komi tölvuvæðing tollheimtuembættanna.

Athygli skal vakin á því að gert er ráð fyrir að lagt verði fram sérstakt frumvarp til breytingar á ákvæðum í lögum nr. 63/1979 um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, þ. e. þau ákvæði er kveða á um að eigi megi tollafgreiða vöru nema staðfesting gjaldeyrisbanka liggja fyrir um það að greiðsla hafi verið innt af hendi eða greiðsla tryggð með öðrum hætti, en skylda tolyfirvalda til að kanna að bankastimplun hafi átt sér stað er byggð á ákvæðum þessum. Verði það frumvarp samþykkt sem lög frá Alþingi mun þessi kvöð falla niður, enda mundi hún í óbreyttri mynd koma í veg fyrir það hagræði sem að er stefnt með greiðslufrestinum. Ákvæði um bankastimplun skjala mun komin til með það í huga að örva vilja erlendra seljenda til að senda vörur til Íslands án þess að þær væru fyrst greiddar. Að öðru leyti er vísað til nefnds frumvarps um breytingu þessa. Eftirlit tolyfirvalda með því að krafa væri greidd eða hún tryggð áður en tolyfirvöld heimiluðu afhendingu vöru mun því hafa átt að skapa Íslandi viðskiptatraust og greiða að öðru leyti fyrir vöruflutningum til landsins. Slík gæsla ríkisvaldsins á hagsmunum erlendra seljenda á sér engar forsendur nú en veldur hins vegar innflytjendum og tolyfirvöldum verulegu óhagræði. Er því óhjákvæmilegt að fella ákvæði þessi niður ef ná á markmiðum þeim sem að er stefnt með upptöku greiðslufrests á aðflutningsgjöldum. Benda má á að í öllum helstu viðskiptalöndum Íslands hefur fyrir löngu verið horfið frá slíku eftirliti

af hálfu tollyfirvalda og mun Finnland, sem auk Íslands hafði í reglum um tolleftirlit slík ákvæði, hafa fellt þau úr gildi fyrir nokkrum árum.

Eins og nánar er gerð grein fyrir í athugasemdum við 5. gr. er lagt til að öll nánari framkvæmd greiðslufrests á aðflutningsgjöldum verði ákveðin í reglugerð. Drög að reglugerð um þetta efni hefur verið samin og vísast þar um til fyrrnefndra tillagna til fjármálaráðherra frá september 1981 svo og athugasemda við 5. gr.

Frumvarp þetta miðar fyrst og fremst að því að gera nauðsynlegar breytingar á lögum um tollheimtu og tolleftirlit vegna upptöku á nefndum greiðslufresti eins og hér hefur verið gerð grein fyrir. Jafnframt hefur þó verið talið æskilegt að koma samhliða við ýmsum öðrum breytingum á lögnum, eins og upptöku heimildar í 50. gr. laganna um skiptingu farmskrárnúmera, að uppfylltum nánari skilyrðum, til þess að innflytjandi geti greitt aðflutningsgjöld af hluta vörusendingar sem er margar vörueiningar. Þá er einnig lagt til að breytingar verði gerðar á viðurlagaákvæðum í 71. og 76. gr. laganna. Um breytingar þessar er fjallað sérstaklega í athugasemdum við einstakar greinar og þykir því eigi ástæða til að fjölyrða um þær hér.

Verði frumvarp þetta samþykkt og nauðsynlegar heimildir fást til þess að koma á lánsviðskiptum vegna aðflutningsgjalda verður jafnframt að gera ýmsar breytingar á lögum nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. Er gert ráð fyrir að tillögum að breytingum þessum verði gerð viðeigandi skil í frumvarpi að tollskrárlögum sem nú er unnið að í fjármálaráðuneytinu og fyrirhugað er að leggja fyrir Alþingi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt núgildandi lögum er meginregla tollalaga sú að vörur verða eigi afhentar fyrr en lögð hefur verið fram aðflutningsskýrsla ásamt vörureikningi yfir vöruna hjá viðkomandi tollstjóra. Í frumvarpi því sem hér liggur fyrir er hins vegar gert ráð fyrir að veruleg breyting verði á tollafgreiðslu vara, m. a. hvað afhendingu þeirra snertir svo og vinnslu þeirra tollskjala sem nauðsynlegt verður að leggja fram hjá tollyfirvöldum til þess að endanleg tollafgreiðsla varanna geti farið fram. Í tengslum við upptöku greiðslufrests á aðflutningsgjöldum er þannig fyrirhugað að veita innflytjendum, sem slíkan greiðslufrest fá, heimild til þess að taka vörur, sem tollfrjálsar eru án tillits til uppruna, beint frá farmflytjendum án þess að hafa áður lagt fram þau aðflutningsskjöl sem nú er gerð krafa um að afhent séu tollstjóra áður en hann veitir heimild til afhendingar vöru. Til þess að þetta megi verða er ljóst að gera verður kröfu um lágmarksskráningu þessara vara. Þykir eðlilegast að skráning þessi verði framkvæmd af farmflytjanda, miðlara eða öðrum umboðsmanni. Þar sem skýra lagaheimild um slíka skráningu er ekki að finna í núgildandi lögum um tollheimtu og tolleftirlit er lagt til að ákvæði þar að lútandi verði tekið upp í 21. gr. laganna.

Um 2. gr.

Á undanförunum árum hefur stöðugt borið meira á því að erlendir flutningamiðlarar, sem annast sendingu vara milli landa, safni saman vörum sem senda á til ýmissa aðila í sama landi og setji á eitt farmbréf. Farmflytjendur færa síðan vörunar á farmskrá undir einu og sama farmskrárnúmeri. Þessi háttur í flutningum, sem almennt gengur undir nafninu „consolidation“, virðist færast í vöxt vegna vöruflutninga hingað til lands, og skapar það viss vandkvæði vegna gildandi lagaákvæða um tollafgreiðslu vara. Samkvæmt 2. mgr. 50. gr. laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit er gert ráð fyrir að aðflutningsgjöld séu greidd í einu lagi af vörum sem skráðar eru í sama farmskrárnúmeri. Strangt til tekið má því ekki heimila tollafgreiðslu á vörum sem safnað hefur verið saman á eitt farmbréf og settar í eitt farmskrárnúmer á annan hátt en þann, að aðflutningsgjöldin séu greidd í einu lagi án tillits til

fjölda móttakenda. Í framkvæmd hefur verið talið óhjákvæmilegt að heimila í þessum svo og öðrum afmörkuðum tilvikum sérstaka uppskiptingu viðkomandi farmskrárnúmera, þannig að einstakir innflytjendur gætu leyst til sín vöru úr slíkum sameinuðum sendingum eða hluta vörusendingar án tillits til annarra innflytjenda eða vörusendingar í heild. Til þess að færa gildandi lagaákvæði til samræmis við breyttar aðferðir við sendingu vara milli landa og fá að öðru leyti ótvíræða lagastoð fyrir skiptingu farmskrárnúmera og notkun svonefndra undirfarmskirteina er lagt til að sérstakt heimildarákvæði þar að lútandi verði tekið upp í 1. mgr. 50. gr. núgildandi laga.

Með 2. mgr. er lagt til að ákvæði verði tekið upp um eindaga aðflutningsgjalda sem gert er ráð fyrir að ákveðinn verði með þeim hætti sem lýst er í 52. og 53. gr. laganna, sbr. athugasemdir við þær greinar hér á eftir.

Að lokum er settur fyrirvari um gjalddaga og eindaga aðflutningsgjalda af vörum sem settar hafa verið í tollvöruheymslur og veittur hefur verið greiðslufrestur á.

Um 3. gr.

Samkvæmt núgildandi 51. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit skulu aðflutningsgjöld annaðhvort greidd tollstjóra í því tollumdæmi þar sem vara er flutt úr flutningsfari eða tollstjóra í því umdæmi sem vara er framsend til ótollafgreidd skv. 5. gr. laganna. Í frumvarpi því sem hér liggur fyrir er gert ráð fyrir að innflytjandi sem veittur verður greiðslufrestur á aðflutningsgjöldum greiði skuld sína hjá þeim tollstjóra þar sem hann verður í framtíðinni talinn skráður, sbr. athugasemdir við 5. gr. þessa frumvarps. Þykir rétt að tekin verði upp ný málsgrein í 51. gr. laganna sem kveði á um frávik frá þeirri meginreglu sem nú gildir ófrávikjanlega um greiðslustað aðflutningsgjalda og skyldu innflytjanda til greiðslu þeirra á skráningarstað.

Um 4. gr.

Frestur til tollafgreiðslu á vörum er almennt eitt ár frá komudegi flutningsfars til landsins. Um tollvöruheymslur gilda hins vegar sérreglur og verður tollafgreiðslu á vörum sem í þær eru settar almennt að vera lokið innan þriggja ára. Ljóst er að markmiðum þeim sem að er stefnt með ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að veita innflytjendum greiðslufrest á aðflutningsgjöldum, þ. e. að stytta almennt geymslutíma vara hjá farmflytjendum, verður ekki fyllilega náð með greiðslufresti einum saman og verður því að gera ráð fyrir að frestur til tollafgreiðslu verði almennt stytur. Langmestur hluti innfluttra vara er tollafgreiddur á fyrstu mánuðum eftir innflutning eða þeim komið á sama tíma í tollvöruheymslu. Benda athuganir til að innan sex mánaða frá komu flutningsfars til landsins hafi yfir 90% af innflutningi annaðhvort verið tollafgreiddur og tekinn úr vörslu farmflytjenda eða komið fyrir í tollvöruheymslu. Lítil ástæða virðist til þess að lengri tími sé almennt veittur til geymslu ótollafgreiddra vara hjá farmflytjendum en raun ber vitni og er því lagt til samkvæmt 3. gr. frumvarpsins að frestur til tollafgreiðslu vara eða flutnings þeirra í tollvöruheymslu verði almennt sex mánuðir en ráðherra geti þó í undantekningartilvikum heimilað lengri frest þegar brýnar ástæður þykja til.

Samkvæmt núgildandi lögum er gert ráð fyrir að heimilt sé að beita dráttarvöxtum sem viðurlögum, ef aðflutningsgjöld eru ekki greidd á gjalddaga eins og hann kann að vera ákveðinn samkvæmt 1. mgr. 52. gr. Með styttingu frests til tollafgreiðslu á vörum og jafnframt styttingu gildistíma tollafgreiðslugengis sem áhrif hefur á útreikning aðflutningsgjalda og fyrirhuguð er í tengslum við upptöku greiðslufrests á aðflutningsgjöldum eins og lýst er hér að framan er lagt til að ákvæði þetta verði fellt niður. Hins vegar er gert ráð fyrir að ákvæði um innheimtu dráttarvaxta verði tekið upp í 53. gr. laganna vegna greiðslufrests á aðflutningsgjöldum.

Um 5. gr.

Í 53. gr. nágildandi laga um tollheimtu og tolleftirlit er að finna heimild til handa fjármálaráðherra til þess að veita greiðslufrest á aðflutningsgjöldum. Samkvæmt heimild þessari verður greiðslufrestur aðeins veittur gegn fullgildri bankatryggingu eða annarri hliðstæðri tryggingu sem talin verður fullnægjandi að mati fjármálaráðherra. Jafnframt er það skilyrði sett að varan sé tollafgreidd og flutt úr vöruheymislu innan frests sem ákveðinn verður í reglugerð og eigi má vera lengri en einn mánuður frá komudegi fars þess sem flutti vöruna til landsins.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum hér að framan hefur heimildin fram til þessa ekki verið notuð til að veita almennan greiðslufrest á aðflutningsgjöldum en hins vegar höfð hliðsjón af henni í undantekningartilvikum þegar veittur hefur verið greiðslufrestur vegna innflutnings á nokkrum vörutegundum. Heimildir þessar hafa verið mjög takmarkaðar og yfirleitt ekki veittar nema í þeim tilvikum þegar sérstakar ástæður hafa verið taldar geta réttlætt greiðslufrest, t. d. þegar um innkaup á vörum hefur verið að ræða frá löndum sem ekki hafa getað haldið útflutningshöfnum sínum opnum nema hluta úr ári og innflytjendur því orðið að kaupa vörubirgðir sem tekið hefur allt að hálfu ári að selja á innanlandsmarkaði. Sköpuðust þessar aðstæður hér áður fyrir einkum vegna kaupa landsmanna á timbri frá löndum við Eystrasalt. Þá hefur í framkvæmd gilt sú regla um tollafgreiðslu á vörum til skipasmíða og -viðgerða, að skipasmíðjum, viðgerðaraðilum og útgerðarmönnum hefur verið heimilað að greiða aðflutningsgjöld af vörum til þessara nota gegn útgáfu skuldarviðurkenningar sem síðar hefur verið skuldajafnað vegna endurgreiðslu aðflutningsgjalda sem heimiluð er samkvæmt sérstöku ákvæði í tollskrárlögum og reglum sem fjármálaráðuneytið hefur sett þar að lútandi. Í þriðja lagi má nefna að fjármálaráðherra hefur gert samkomulag við flest bifreiðainnflutningsfyrirtæki um allt að tuttugu daga greiðslufrest á aðflutningsgjöldum af innfluttum nýjum bifreiðum og hafa aðflutningsgjöld verið lánuð af bifreiðum frá því 1974. Einnig má minna á í þessu sambandi að sérstakt greiðslufyrirkomulag hefur gilt um innheimtu gjalds af gas- og brennsluolium svo og bensingjalds.

Þrátt fyrir að í lögum hafi um nokkurn tíma verið til staðar ákvæði er heimilaði greiðslufrest á aðflutningsgjöldum og hliðsjón verið höfð af ákvæði þessu, þegar aðflutningsgjöld hafa verið lánuð vegna innflutnings á nokkrum vörutegundum, hefur aldrei eins og áður sagði verið mörkuð stefna um notkun heimildarinnar almennt um innflutning á gjaldskyldum vörum. Ráðagerðir í þá átt vart komist lengra en á umræðustig því að löngum hafa ýmsar blikur verið á lofti í efnahagsmálum og óvissa um stöðu ríkissjóðs. Vísast þar um til almennra athugasemda hér á undan. Þá hefur einnig þótt skorta nánari efnisleg ákvæði í lagaheimild sem skipt getur jafnmiklu máli um afkomu ríkissjóðs í upphafi slíkra lánsviðskipta eins og fram kemur í athugun Þjóðhagsstofnunar, sem birt er í nefndum tillögum til fjármálaráðherra. Meðal annars vegna þessa hefur þótt sérstök ástæða til þess að útbúa frumvarp til laga um breyting m. a. á ákvæðum 53. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit þar sem leitast væri við að setja nánari efnisleg ákvæði um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum jafnframt því sem vilji Alþingis væri kannaður til slíkrar ráðstöfunar. Skal hér á eftir gerð nánari grein fyrir einstökum ákvæðum 5. gr. þessa frumvarps.

Samkvæmt 1. mgr. er lagt til að fjármálaráðherra geti svo sem verið hefur veitt tollstjórum heimild til að veita greiðslufrest á aðflutningsgjöldum vegna innflutnings á vörum. Er gert ráð fyrir að það verði gert í formi reglugerðar þar sem kveðið verði nánar á um ýms efnisleg skilyrði sem innflytjandi verði að uppfylla til þess að njóta slíkra kjara. Hafa drög að reglugerð um þetta efni verið samin eins og áður hefur verið að vikið. Gert er ráð fyrir samkvæmt frumvarpinu að fyrst og fremst verði innflytjendum sem stunda innflutning í atvinnuskyni veittur greiðslufrestur á aðflutningsgjöldum. Þótt þetta verði meginreglan er ljóst með tilliti til núverandi fyrirkomulags á innflutningi landsmanna að veita verður ýmsum

öðrum aðilum slíka heimild. Fjölmörg framleiðslufyrirtæki annast sjálf innflutning á ýmsum aðföngum til starfsemi sinnar og verður ekki komist hjá því að veita fyrirtækjum þessum sömu fyrirgreiðslu og þeim sem eingöngu stunda innflutningsverslun. Sama gildir um ýmsa viðgerðaraðila. Þá eru ótaldir flutningamiðlarar, en ætla má að umsvif þeirra eigi eftir að aukast á komandi árum ef höfð er í huga þróun þessara mála í nágrannalöndunum.

Í kjölfar aukinna milliríkjavíðskipta og tvíhliða eða marghliða milliríkjasamninga hafa óhjákvæmilega þróast flóknar reglur um innflutning á vörum. Þetta hefur aftur leitt til aukinna krafna bæði á hendur tollstarfsmönnum og eins innflytjendum um kunnáttu á þessu sviði til þess að ekki verði óþarfa tafir á tollafgreiðslu innfluttra vara. Bera flóknar reglur fríverslunarsamninga Íslands við EFTA og EBE ljósast merki um þessa þróun. Til þess að stuðla að sem bestri framkvæmd tollamála er óhjákvæmilegt að reynt verði á næstu árum að fjölga enn í þeim hópi innflytjenda sem sýnt hafa að þeir hafi til að bera þá lágmarksþekkingu sem er forsenda þess að um hnökralausa tollmeðferð vöru geti orðið að ræða. Markmiði þessu má ná með ýmsum hætti eins og aukinni fræðslu- og útgáfustarfsemi, bæði af hálfu hins opinbera og eins samtaka verslunarinnar, en til eru einnig aðrar leiðir. Í frumvarpi því sem hér liggur fyrir er gert ráð fyrir að nánara eftirlit verði í framtíðinni haft með einstökum innflytjendum. Fyrirhuguð notkun tölva í sambandi við tollafgreiðslu á vörum, sem fyrirhuguð er á árinu 1983, mun auðvelda þetta eftirlit þegar fram í sækir. Slíkt eftirlit byggist óhjákvæmilega á skráningu allra innflytjenda og er því gert ráð fyrir samkvæmt frumvarpinu að tekin verði nú þegar upp sérstök skráning þeirra hjá tollstjórum eins og vikið verður að hér síðar. Einungis þeir sem hafa tilskilin leyfi til atvinnurekstrar og skráðir hafa verið hjá tollstjórum geta vænst þess að fá heimild til að tollafgreiða vörur með greiðslufresti á aðflutningsgjöldum. Við veitingu heimildarinnar er jafnframt gert ráð fyrir að skoðað verði hvort óeðlilega oft hafi þurft að koma til afskipta tollyfirvalda af innflutningsskjöllum viðkomandi innflytjanda. Virðist eðlilegast að láta greiðslufrest á aðflutningsgjöldum tengjast samskiptum innflytjanda að öðru leyti við tollyfirvöld eins og frágangi hans á aðflutnings-skýrslum, tollflokkun vara o. s. frv.

Auk þeirra skilyrða sem nú hafa verið nefnd er gert ráð fyrir að innflutningur viðkomandi hafi að magni eða verðmæti náð tilteknu lágmarki. Í skýrslu þeirri sem fjármálaráðherra var skilað á árinu 1978 um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum var talið hæfilegt að miða við 10 m. gkr. sem lágmarksfjárhæð. Gert er ráð fyrir, að minnsta kosti í upphafi, að miðað verði við lágmarksinnflutningsverðmæti. Þar sem upptaka greiðslufrests mun hafa veruleg áhrif á tekjustreymi til ríkissjóðs þegar í upphafi, en óvissa í þeim efnum er óneitanlega nokkur, er gert ráð fyrir að lánsvíðskipti þessi verði tekin upp í áföngum. Er við það miðað að heimildin verði í upphafi bundin við lágmarksinnflutningsverðmæti viðkomandi innflytjanda er nemi minnst 25 m. kr. á ári.

Í 2. mgr. 53. gr. er lagt til að greiðslufrestur verði bundinn því skilyrði að sett verði fullnægjandi trygging fyrir greiðslu aðflutningsgjalda í formi bankaábyrgðar eða annarrar tryggingar sem ráðherra metur fullnægjandi. Er gert ráð fyrir að öllum verði í upphafi gert að setja tryggingu. Er fyrirhuguð að trygging verði sett í formi sjálfskuldarábyrgðar banka, sparisjóðs eða tryggingar- eða ábyrgðarfélagss og taki bæði til aðflutningsgjalda og dráttarvaxta, komi til vanskila af hálfu innflytjanda. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að tryggingarfjárhæðin verði fjórðungur af þeirri fjárhæð sem fyrirtæki áætla sem aðflutningsgjöld á því ári sem sótt er um heimild til greiðslufrests, enda sé tekið mið af greiddum aðflutningsgjöldum á undanförunum árum. Gert er ráð fyrir að falla megi frá þessu skilyrði hjá þeim aðilum sem haft hafa greiðslufrestsheimild í minnst sex mánuði og staðið í skilum á réttum gjald-dögum, enda hafi aðflutningsskjöllum ekki verið verulega áfátt, innflytjandi ekki sætt viður-lögum skv. 20. gr. tollskrárlaga eða orðið uppvis að refsiverðu broti á tollalöggjöfinni á sama tíma.

Um lengd greiðslufrestsins er fjallað í 3. mgr. 53. gr. Er lagt til að hann verði að meðaltali 60 dagar. Að því er varðar vörur sem geymdar eru hjá farmflytjendum er gert ráð fyrir að fresturinn miðist við þann tíma þegar far það tekur höfn sem flytur vöru til landsins. Upphaf greiðslufrests á vörum sem láttnar hafa verið í tollvörugeymslu skal hins vegar miða við úttektardag úr tollvörugeymslu. Nánari ákvæði eru síðan sett um eindaga lánaðra aðflutningsgjalda og er gert ráð fyrir að gjöld lánuð vegna tollafgreiðslu vara í sama mánuði verði greidd í einu lagi hjá þeim tollstjóra þar sem innflytjandi er eða verður skráður. Þannig er gert ráð fyrir að aðflutningsgjöld, sem greiðslufrestur hefur verið veittur á vegna innflutnings vara sem koma til landsins í sama mánuði, skuli greidd í síðasta lagi fimmtánda dag annars mánaðar talið frá komudegi flutningsfars eða úttektardegi úr tollvörugeymslu. Um uppsöfnun lánaðra aðflutningsgjalda á nefndu tímabili vísast til almennra athugasemda hér að framan svo og nefndrar greinargerðar Þjóðhagsstofnunar.

Komi til vanefnda af hálfu innflytjanda, sem veittur hefur verið greiðslufrestur á aðflutningsgjöldum, er gert ráð fyrir að gripið verði til innheimtu dráttarvaxta áður en gengið verður að þeim tryggingum sem gerð verður krafa um í upphafi. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að ráðherra geti í reglugerð ákveðið auk innheimtu dráttarvaxta að leggja viðurlög við því ef til vanefnda kemur, svo sem sviptingu greiðslufrests tímabundið eða að fullu eða stöðvun tollafgreiðslu til hlutaðeigandi. Jafnframt er lagt til að tekið verði í lög heimildarákvæði um greiðslu vaxta af lánuðum aðflutningsgjöldum er verði hinir sömu og gilda hverju sinni um innlán á sparisjóðsbókum.

Ein af forsendum þeim sem búa að baki upptöku greiðslufrests á aðflutningsgjöldum er stytting geymslutíma á ótollafgreiddum vörum í vörslu farmflytjenda sem aftur ætti að hafa í för með sér aukinn veltuhraða, minni vörubirgðir og lægri vaxtakostnað af þeim sökum. Þessu markmiði verður ekki náð nema greiðslufrestur verði háður nokkrum skilyrðum. Til þess að ná fram nefndu hagræði og einnig til þess að auðvelda alla framkvæmd er nauðsynlegt að binda heimild til greiðslufrests því skilyrði að allur innflutningur sama innflytjanda verði tollafgreiddur á þessum greiðslukjörum. Ljóst er að viss vandamál geta komið upp í byrjun hjá innflytjendum þegar þeir verða að leysa til sín allar innfluttar vörur að meðaltali innan 60 daga frá komu til landsins eða koma þeim ella í tollvörugeymslu. Úr þessum vanda má draga ef innflytjendur reyna í framtíðinni að haga innflutningi sínum þannig að sem mestu hagræði verði náð með greiðslufrestinum með tilliti til markaðsaðstæðna hverju sinni. Þar sem ekki er gert ráð fyrir að frumvarp þetta, ef að lögum verður, komi til framkvæmda fyrr en að nokkrum tíma liðnum frá gildistöku ætti innflytjendum að gefast nægilegt svigrúm til að meta stöðu sína að nýju og gera viðeigandi breytingar á innkaupaháttum sínum, telji þeir slíkt nauðsynlegt. Þar sem viss vandamál eru tengd innflutningi, m. a. á bifreiðum, er gert ráð fyrir að heimilt verði að undanþiggja einstakar vörutegundir þessu skilyrði, enda verði sérstakar ástæður taldar þess valdandi, t. d. aðgerðir í efnahagsmálum. Þá er óhjákvæmilegt að gera ráð fyrir sérstökum undanþágum í þeim tilvikum þegar upp koma hindranir í innflutningi eins og verkföll o. þ. h.

Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir meginefni þeirra ákvæða sem gert er ráð fyrir að tekin verði í lög og greiðslufrestur miðist við. Um einstök framkvæmdaratriði varðandi greiðslufrestinn, skráningu innflytjenda og innfluttra vara vísast að öðru leyti til nefndra draga að reglugerð.

Um 6. gr.

Í 54. gr. núgildandi laga er m. a. svo kveðið á um að eigandi vöru hafi ekki rétt til að ráða yfir henni fyrr en búíð sé að greiða aðflutningsgjöld, sektir og annan kostnað sem á vöru hvílir. Upptaka greiðslufrests á aðflutningsgjöldum leiðir óhjákvæmilega til þess að breyta verður ákvæði þessu og er því lagt til að réttur þessi verði við það miðaður að fyrir liggir

heimild viðkomandi tollstjóra til afhendingar á vörunni. Gert er ráð fyrir að þetta taki einnig til vara sem bera engin gjöld og fyrirhugað er að veita greiðslufrestshöfum heimild til þess að fá afhenta úr vörslu farmflytjanda eftir að lágmarksskráning þeirra hefur farið fram, sbr. greinargerð við 1. gr. og III. kafla í drögum að reglugerð.

Séu skil ekki gerð á aðflutningsgjöldum innan ákveðinna tímamarka, sem nú er eitt ár talið frá komudegi flutningsfars vörunnar til landsins, hefur tollstjóri lögum samkvæmt vald til að grípa til þess þvingunarúrræðis að selja viðkomandi vöru á uppboði til lúkningar greiðslu gjalda. Frá þessari meginreglu hefur í framkvæmd gilt sú regla að borgar-fógetaembættið í Reykjavík hefur séð um uppboð vegna ótollafgreiddra vara sem eru í tollumdæmi tollstjórans í Reykjavík. Framkvæmd þessi er talin leiða af almennu orðalagi í 3. gr. laga nr. 74/1972 um skipan dómssvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o. fl. Með tilliti til fyrirkomulags þess sem almennt gildir um heimild tollstjóra í öðrum tollumdæmum til þess að tollafgreiða vörur endanlega inn í landið og halda uppboð á vörum, fáist gjöld ekki greidd með öðrum hætti, er eðlilegt að tollstjórinn í Reykjavík hafi á hendi sömu þvingunar-úrræði sem síðasta stig í innheimtu tolla sem honum er reyndar falin skv. 6. gr. nefndra laga. Undirbúningsvinna vegna slíkra uppboða nú fer nær öll fram við embætti tollstjórans í Reykjavík og má því segja að eðlilegt sé að honum verði falið uppboðshaldið sjálft til þess að tollstjóri geti gengið sjálfur frá endanlegri tollafgreiðslu varanna.

Um 7. gr.

a. Samkvæmt 2. tl. 57. gr. nógildandi laga um tollheimtu og tolleftirlit er krafist full-nægjandi tryggingar á aðflutningsgjöldum fyrir endursendar vörur þar til þær eru sannanlega komnar til útlanda eða útflutningur þeirra nægjanlega tryggður samkvæmt nánari skilyrðum. Ákvæði þetta hefur valdið þeim verulegum óþægindum og kostnaði sem þurft hafa að endursenda vörur auk þess sem það hefur óhjákvæmilega aukið vinnu við tollafgreiðslu á vörum hjá tollyfirvöldum. Önnur lagaákvæði tryggja að „viðtakandi“ fær þessa vöru aldrei í sína vörslu án þess að áður hafi verið gengið frá greiðslu aðflutningsgjalda. Verður því að telja óþarft að krefjast tryggingar í slíkum tilvikum, frekar en um aðra vöru sem er í vörslu farmflytjanda, þar til aðflutningsgjöld hafa verið greidd. Er því lagt til að þetta tryggingar-ákvæði verði fellt niður.

b. Í 3. tl. 57. gr. er veitt heimild til að endurgreiða aðflutningsgjöld af gölluðum vélum sem endursendar eru til útlanda. Í niðurlagi ákvæðisins eru þó einstakir hlutar úr gölluðum vélum undanskildir. Gallaður hluti úr vél getur hæglega verið verulegur hluti af heildar-verðmæti vélarinnar. Sé um stórar vélar að ræða, t. d. rafstöðvar, prentvélar o. fl., er fráleitt að þurfa að senda alla vélina utan á ný til þess að fá notið þessa ákvæðis um endurgreiðslu aðflutningsgjalda, ef unnt er að senda gallaða hlutann sérstaklega. Er því lagt til að þessi takmörkun verði felld niður.

Um 8. gr.

Lagt er til samkvæmt þessari grein að hámark dagsekta skv. 68. gr. laganna verði hækkað úr 500 kr. í 10 000 kr.

Um 9. gr.

Samkvæmt nógildandi lögum er hámarkssekt vegna brota á ákvæðum laga um tollheimtu og tolleftirlit 40 000 kr. Fjárhæð þessi var ákveðin með lögum nr. 71 31. maí 1976 en hafði frá setningu tollheimtulaga 1969 verið 5 000 kr. Ljóst er að sektarfjárhæð sú sem ákveðin var á árinu 1976 er ekki lengur í samræmi við almennt verðlag í landinu og má gera ráð fyrir að það geti dregið úr varnaðaráhrifum þeim sem sektarákvæðum laganna er ætlað að hafa á refsiverða háttsemi lögum samkvæmt. Samkvæmt almennum hegningarlögum er hámark sekta 300 000 kr. Sektarhámark þetta gildir eigi aðeins um sektarákvarðanir sam-

kvæmt hegningarlögum heldur og um sektarákvarðanir samkvæmt ýmsum sérlögum, þar sem sektarhámark er ekki ákveðið. Núverandi hámark sekta samkvæmt tollheimtulögum er samkvæmt ofangreindu ekki lengur í samræmi við almennar sektarheimildir og því nauðsynlegt að gera breytingar á tollheimtulögum til þess að færa sektarákvæði þeirra til samræmis við önnur sambærileg viðurlagaákvæði. Með frumvarpi þessu er lagt til að horfið verði frá því að ákveða hámark sekta í tollheimtulögnum sjálfum en í þess stað verði hámark þeirra látið ráðast af hámarki þeirra fésekta sem heimilt verður að beita hverju sinni skv. 50. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Um 10. gr.

Með lögum nr. 31 29. maí 1979 var heimild tollyfirvalda til ákvörðunar sekta fyrir ólöglegan innflutning hækkuð úr 800 kr. í 3 500 kr. jafnframt því sem heimild til ákvörðunar eignarupptöku var rýmkuð þannig að verðmætismörk voru hækkuð úr 1 500 kr. í 5 000 kr. Frá því að breytingar þessar voru gerðar á árinu 1979 hafa verðlagsbreytingar haft í för með sér að eigi verður lengur náð þeim markmiðum sem upphaflega var stefnt að með nefndri lagasetningu, þ. e. að auka varnað og létta verulega álagi af dómstólum með því að eigi væri nauðsynlegt að vísa smærri brotum almennt til meðferðar þeirra. Til þess að heimildir tollyfirvalda til ákvörðunar sekta og eignarupptöku vegna hinna smærri brota þjóni tilgangi sínum, eins og vikið hefur verið að hér að framan, er lagt til að heimild tollyfirvalds til að ákvarða sektir verði bundin við hámarksfjárhæð 25 000 kr. og heimild til eignarupptöku verði bundin við 50 000 kr.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum er gert ráð fyrir að greiðslufrestur á aðflutningsgjöldum komi ekki til framkvæmda fyrr en að nokkrum tíma liðnum frá gildistöku laganna, verði frumvarp þetta samþykkt. Þykir það nauðsynlegt til þess að leysa megi ýmis vandamál tæknilegs eðlis auk þess sem á sama tíma þarf að vinna ýmis undirbúningsstörf vegna upptöku tölvuvinnslu tollskjala, sem er óhjákvæmileg samfara því breytta fyrirkomulagi sem hér um ræðir. Jafnframt er gert ráð fyrir að greiðslufresturinn verði tekinn upp í áföngum og verði að fullu kominn til framkvæmda tólf mánuðum síðar. Þetta fyrirkomulag þykir nauðsynlegt vegna óvissu þeirrar sem áhrif af upptöku greiðslufrests mun hafa á tekjustreymi í ríkissjóð vegna tekjuhliðrunarinnar og veitir jafnframt visst svigrúm til að mæta ófyrirsjáanlegum vandamálum sem upp kunna að koma í framkvæmd og gera nauðsynlegar lagfæringar að því er þá hlið varðar. Fjallar 1. mgr. ákvæðisins um þetta efni.

Í almennum athugasemdum var gerð sérstaklega grein fyrir nauðsyn þess að breyta lögum nr. 63/1979 um gjaldeyris- og viðskiptamál vegna bankastimplunar tollskjala og er því vísað til þeirra um breytingu þessa.

Í 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða er gert ráð fyrir að aðlögunartími verði veittur vegna fyrirhugaðrar styttingar á fresti þeim sem nú gildir til tollafgreiðslu á innfluttum vörum. Lagt er til að hann verði stytur úr tólf mánuðum í sex mánuði í áföngum á einu ári talið frá 1. janúar 1983 verði greiðslufrestur á aðflutningsgjöldum tekinn upp.